



Fundargerð

469. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Miðvikudaginn 16. júní 2021, kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Ingimar Ingimarsson (II), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkominn, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Eitt mál barst og var samþykkt að taka það á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

1. 468. Fundur sveitarstjórnar 20. maí 2021

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Mennta- og menningarmálanefnd 8. júní 2021

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

4.1 Tillaga að nýrri stundatöflu.

Formaður lagði fram nýrri útgáfu af stundatöflu grunnskóladeildar fyrir skólaárið 2021 – 2022.

Sveitarstjórn samþykkir stundatöfluna. Sveitarstjórn felur mennta- og menningarmálanefnd í samráði við skólabílstjóra að vinna akstursáætlun fyrir skólaakstur. Samþykkt samhljóða.

4.2 Kennslumagn og fjöldi starfsmanna grunnskóladeild.

Sveitastjórn samþykkir kennslumagn grunnskóladeildar fyrir skólaárið 2021 – 2022.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

3. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd 14. júní 2021.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

5.1 2004028 - Sjóvörn í Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

5.2 1903004 - Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006 – 2018, breyting vegna vindorkuver í Garpsdal.

Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar, gerir hana að sinni og ítrekar fyrri beiðni um afgreiðslu Skipulagsstofnunar á aðalskipulagsbreytingunni. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

4. Fundargerð Fjallskilaneftndar 15. júní 2021

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

Lögð er fram tillaga fjallskilaneftndar að leitardögum haustið 2021.

KK lagði fram breytingartillögu; Seinni leitir verði 2. og 3. október á öllum svæðum vegna alþingiskosninga og til samræmis við Strandabyggð.

Tillaga KK samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu ÁHH.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu fjallskilaneftndar að öðru leiti. Samþykkt samhljóða.

5. Fundargerðir verkefnaneftndar vegna framkvæmda við Grettislaug 13. apríl og 8. júní.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðarnar.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðirnar og felur sveitarstjóra að leita til Varmboða eftir útreikningum um orkusparnað vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 2106002 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2021.

Lagður er fram viðauki 2 og 3 við fjárhagsáætlun 2021.

Um er að ræða 3,3 millj. og 1,6 millj. hækkun liða vegna sorppjónustu og ráðgjafapjónustu og 6 millj. kr. í búnaðarkaup vegna sorppjónustu. Fjármögnun af eigin fé stofnunarinnar.

Viðauki 2 og 3 samþykktir samhljóða.

2. 2106003 - Gjaldskrár vatnsveitna sveitarfélaga

Lagt er fram erindi frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti dagsett 7. maí 2021 til allra sveitarfélaga og varðar gjaldskrár vatnsveitna og yfirferð á þeim.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu, samþykkt samhljóða.

3. 2105001 - Tilboð í fasteignina Hellisbraut 38.

Farið yfir stöðu mála.

4. 2106004 - Styrkbeiðni

Erindi frá Jamie Lee dagsett 27. Maí, þar sem Jamie óskar eftir 50 þús. kr. styrk frá sveitarfélaginu til að sækja nýsköpunarnámskeið.

Sveitarstjórn samþykkir að veita Jamie Lee styrk að upphæð kr. 50 þús. Samþykkt samhljóða.

5. 2106005 - Attentus, mannauðsstjóri að láni, bakhjarl.

Lögð eru fram tilboð frá ráðgjafafyrirtækinu Attentus vegna stuðnings við mannauðsmál.

1. Attentus, bakhjarl í mannauðsmálum
2. Attentus, mannauðsstjóri til leigu.

Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Attentus um bakhjarl í mannauðsmálum. Sveitarstjóra falið að undirrita samning fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

6. 2106007 - Hraðahindranir.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps leggur áherslu á umferðaröryggi innan hreppsins hvort sem er gangandi, hjólandi eða akandi umferð. Minnt er á að nú er komið sumar og börn eru víða að leik. Þá vill sveitarstjórn að hraðahindrunum verði komið upp hið fyrsta og felur sveitarstjóra að ræða við Vegagerðina um uppsetningu hraðahindrana á Karlseyjarvegi og flýta uppsetningu á hraðahindrunum á Hellisbraut. Við fögnum auknum sýnileika lögreglu á svæðinu og hvetur lögregluembættið á Vestfjörðum að gefa ekki eftir í þeim hlutum heldur auka í.

7. 2106008 - Sumaráætlun Sæferða.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps harmar þá ákvörðun Sæferða og Vegagerðarinnar að fjölga ekki ferðum Baldurs yfir sumartímann. Þetta fyrirkomulag gerir íbúum, húseigendum, atvinnurekendum og ferðaþjónustuaðilum í Flatey mjög erfitt fyrir. Ljóst er að gisting í Flatey er takmörkuð og sú stutta stund sem gefst í eyjunni minnkar möguleika á að stunda ferðaþjónustu. Sveitarstjórn Reykhólahrepps hvetur Sæferðir og Vegagerðina til að endurskoða ákvörðun sína.

8. 2106009 - Starfsmannamál.

Lögð er fram uppsögn Sonju Drafnar Helgadóttur á starfi hennar sem leikskólastjóra Hólabæjar. Uppsögn dagsett 15. Júní 2021.

Sveitarstjórn þakkar Sonju störf hennar í þágu sveitarfélagsins og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Samþykkt samhljóða.

Samþykkt að auglýsa eftir leikskólastjóra sem fyrst.

9. 2106010 - Lokun skrifstofu, sumarfrí sveitarstjóra.

Lagt fram erindi frá sveitarstjóra þar sem lagt er til að sumarfrí nefnda verði í júlí, sumarlokun skrifstofu sveitarfélagsins dagana 12. – 23. júlí. Einnig óskar sveitarstjóri eftir því að fá að taka sumarleyfi frá og með 21. – 25. júní og 12. júlí - 6. ágúst.

Sveitarstjórn samþykkir sumarfrí nefnda, sumarlokun skrifstofu og sumarleyfi sveitarstjóra, samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 2106011 - Svar Orkubús Vestfjarða við ályktun sveitarstjórnar.

Lagt fram svar Orkubússtjóra dagsett 7. júní 2021.

2. 2106006 - Umburðabréf vegna breytinga á jarðalögum nr. 81/2004.

Lagt fram erindi frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti dagsett 28. maí 2021.

3. 2103017 - Fundargerð 36. stjórnarfundar Vestfjarðarstofu.

Fundargerð lögð fram.

4. 2102014 - 190 - 191. fundur Breiðafjarðarnefndar.

Fundargerðir lagðar fram.

5. 2102015 - 898. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og fundargerð XXXVI landsþings.

Fundargerðir lagðar fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin

1. 2009019 - Girðingar á Kötlulandi.

Eftir ráðgjöf lögfræðings og ráðunauts RML stendur sveitastjórn við boð um 1,5 millj. til fyrrum leigjanda Kötlulands vegna girðinga. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:40

_____	_____
_____	_____
_____	_____